

Stjórnarfundur Hestamannafélagsins Borgfirðings haldinn í Félagsheimilinu 5.júní.  
Mættir Eyþór, Friðrika, Ólafur Axel, Gunnar, Halldór og Steinunn er ritar fundargerð.

Spjall á undan settum fundi: Farið yfir stíuleigu í Reiðhöllinni. Ákveðið að lækka stíugjald um 10 þús þar sem leigjandinn fyllti ekki mánuðinn, eða sýna sanngirni í gjaldi.  
Ólafur Axel ætlaði að senda á Friðriku hverjir hafa greitt/leigt í Reiðhöllinni.  
Spurt var hvort UMSB væri búíð að borga fyrir Formannafundinn sem var haldinn í Félagsheimili okkar? Senda reikning ef svo er ekki. Fáum 100 þús fyrir hann.

Settur fundur:

Senda síðustu fundargerð á Kristínu.

Úrtökumót verður næstu helgi (8.-9.júní)

Farið yfir atriði sem þarf að athuga:

Þarf að manna Félagsheimilið. Völlurinn verður saltaður/bleyttur. Verið að klára að manna mótið. Farið yfir hvað vantar af riturum. Einn dómari þarf gistingu. Fá fótaskoðun.

Eyþór sendi inn umsókn um framkvæmdastyrk til Borgarbyggðar um viðgerð á Félagsheimilinu. Ekki búinn að fá svar.

Eyþór fjallaði um Landsmót. Félagið borgar skráningargjöld fyrir alla sem taka þátt fyrir hönd félagsins. Það var samþykkt. Hvert skráningargjald í kringum sjö þúsund, með fyrirvara. En hver borgar fyrir sig ef aðili velur að taka þátt í sérstökum greinum. Eyþór spyr hvort við viljum hafa þjálfara fyrir landsmótið. Var ákveðið að athuga hvort einhver fæst í það hlutverk.

Vinnuskólinn býður okkur að fá krakka í 3 daga en við verðum að útvega flokkstjóra.

Tillögur að verkefni: grjóthreinsa, þrifa, mála, klippa njóla !

Ákveðið að þiggja þeirra framlag.

UMSB bauð Hestamannafélaginu að borga fyrir viðburð á hátíð tengd 17. júní, þ.e að teyma undir börnum. Ákveðið að tala við Guðrúnu Fjeldsted sem fengi greitt fyrir það sem er í boði.

Næsti fundur 17.júlí kl 19.30

Fundi slitið